

# Fræðsla og vinnustofur námsmat í nýrri aðalnámskrá grunnskóla

Vinnustofa í Smáraskóla, Kópavogi, mánudaginn 24. mars 2014.

## Listgreinakennarar

Umsjón: Kópavogur og Seltjarnarnes.

### Í hópumræðum verður leitast við að komast yfir eftirfarandi spurningar:

#### A. LEIÐSAGNARMAT:

*Hvaða þáttum í leiðsagnarmati þarf sérstaklega að huga að í þinni listgrein í daglegu skólastarfi?*

#### B. LOKAMAT:

1. Náms hæfni til lokamats:

*Hvaða aðferðir og verkfæri eru heppilegar til að vinna með í ykkar listgrein þegar kemur að því að útfæra námsmat **á hæfni nemenda** við lok námstímabils/skólaárs (náms hæfni til lokamats)?*

2. Lykilhæfni til lokamats:

*Hvaða aðferðir og verkfæri eru heppilegar til að vinna með í ykkar verkgrein þegar kemur að því að útfæra námsmat sem mat **almennri hæfni nemenda** við lok námstímabils/skólaárs (lykilhæfni til lokamats)?*

#### C. SKIPULAG NÁMS OG KENNSLU:

*Hvað geta sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gert til að styðja við námsmat í ykkar listgrein í samræmi við nýja aðalnámskrá?*

## Samantekt úr umræðum

A. LEIÐSAGNARMAT – *Hvaða þáttum í leiðsagnarmati þarf sérstaklega að huga að í þinni listgrein í daglegu skólastarfi?*

- Skýr innlögn á markmiðum sem hver og einn nemandi vinnur síðan á eigin forsendum.
- Skýr rammi -það þarf að liggja ljóst fyrir til hvers er ætlast af nemendum.
- Hvernig þau leita upplýsinga og geta framkvæmt verkefnið.
- Mikilvægi uppbyggjandi endurgjafar.
- Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að útskýra verkin sín og læri það að standa með þeim.
- Hafa viðmiðin skýr -skráð og sýnileg nemendum.
- Virkja nemendur til sjálfsmats -skoða samtalið við nemendur, spurningar og svör (milli kennara og nemanda). Fara yfir möppu með nemanda og nota spurningalista.
- Jafningjamat -tala um verk nemenda á jákvæðan/gagnrýnandi hátt.
- Ábyrgð nemenda.
- Upprifjun á síðasta tíma og samantekt í lok kennslustundar.
- Vönduðu orðavali -gæta þess að hugtök séu skýr.
- Virkni og þátttöku.
- Varast ofmat -að kennarinn sé með allt á hreinu sem gerist í vinnu hvers og eins.

- Útbúa góðan gátlista.
- Vinnusemi og verklegum þáttum.
- Vægi hvers verkefnis.
- Sköpun, sjálfstæði og frumkvæði
- Umgengni og virðingu fyrir umhverfi.
- Samskiptum og gagnkvæmri virðingu á milli kennara og nemenda.
- Að leyfa krökkunum að vinna.

## B. LOKAMAT:

### 1. Náms hæfni til lokamats:

*Hvaða aðferðir og verkfæri eru heppilegar til að vinna með í ykkar listgrein þegar kemur að því að útfæra námsmat á **hæfni nemenda** við lok námstímabils/skólaárs (náms hæfni til lokamats)?*

- Að nemendur fái hæfniviðmið -skráning hæfniviðmiðs hvers verkefnis.
- Að verkefni stuðli að því að nemendur nái hæfniviðmiði
- Verkefnabók í Mentor -skráning.
- Að meta ákveðna þætti í vissum hlutföllum:
  - Færni
  - Sköpun
  - Framkoma (umgengni, stundvísi).
- Að nemendur geti unnið með hugmyndir sínar
- Aðalnámskrá + skólanámskrá eru verkfæri í lokamati.
- Mat á verkefnum - úrlausnum - hversu vel uppfyllir nemandi hæfniviðmið verkefnis.
- Jafningjamat.
- Sjálfsmat.
- Ekki njörva of mikið niður -gefa svigrúm fyrir flæði og sköpun.
- Skráningu á
  - sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði
  - samvinnu, þátttöku í samstarfi (samræðum/rökræðum) og miðlun þekkingar.

### 2. Lykilhæfni til lokamats:

*Hvaða aðferðir og verkfæri eru heppilegar til að vinna með í ykkar verkgrein þegar kemur að því að útfæra námsmat sem mat **almennri hæfni nemenda** við lok námstímabils/skólaárs (lykilhæfni til lokamats)?*

- Meta verkefnavinnu
  - áhugi, virkni og ástundun
  - sjálfstæði í hugsun og framkvæmd.
- Samræður nemenda um verkefni og viðtöl við nemendur.
- Frammistöðumat og leiðsagnarmat.

## C. SKIPULAG NÁMS OG KENNSLU:

*Hvað geta sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gert til að styðja við námsmat í ykkar listgrein í samræmi við nýja aðalnámskrá?*

- Sýnt okkur (listgreinakennurum) þá virðingu og traust að við höfum þekkingu, menntun og reynslu til að meta nemendur út frá nýju aðalnámskránni.